

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál

Fundargerð 8. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál

Fundur haldinn í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu miðvikudaginn 5. nóvember 2014 kl. 13.00

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Drög að samningi um sóknaráætlun landshluta
3. Viðmið að skiptareglum fjármagns
4. Önnur mál
 - a) Næsti fundur

Mættir: Torfi Jóhannesson formaður (ANR), Héðinn Unnsteinsson (FOR), Karítas Gunnarsdóttir (MMR), Pétur Berg Matthíasson (FJR), Stefanía Traustadóttir (IRR) og Þórarinn V. Sólmundarson (MMR). Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Óskarsson (talsmaður landshlutasamtaka sveitarfélaga), Snorri Björn Sigurðsson (Byggðastofnun, yfirlingur fundinn kl. 14.00) og Hólmfríður Sveinsdóttir (Byggðastofnun), sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Elvar Knútur Valsson (ANR), Heiður Björnsdóttir (VEL), Karl Björnsson (Sambandinu), Steinunn Fjóra Sigurðardóttir (UAR) og Unnur Orradóttir Ramette (UTN).

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar lögð fram og var hún samþykkt án athugasemda.

2. Drög að samningi um sóknaráætlun landshluta

Fyrstu drög að samningi höfðu verið rædd á síðastu tveimur fundum stýrihópsins. Drögin voru send landshlutasamtökum sveitarfélaga til umsagnar þann 17. október og þeim veittur frestur til að skila umsögnum til 3. nóvember. Umsagnir við samningsdrögin hafa borist frá SSV, FV, SSVN, Eyþingi og SSA, auk sameiginlegrar umsagnar allra menningarfulltrúanna. Þá hafa borist sérstakar umsagnir við drög að úthlutunarreglum frá Eyþingi og SASS.

Farið var yfir samningsdrögin, grein fyrir grein, með hliðsjón af umsögnunum. Torfa og Hólmfríði falið að ganga frá lokadrögum að samningi. Stefnt er að því að þau verði tilbúin um miðjan nóvember og boðað verði til samráðsfundar um mánaðarmótin nóvember/desember.

3. Viðmið að skiptareglum fjármagns

Torfi dreifði og fór yfir tillögu að skiptareglu fjármagns til sóknaráætlana sem hann hefur unnið. Rætt var um viðmiðin, vægi hvers þeirra og mikilvægi þess að þau séu gagnsæ og skýr. Fundarmenn fögnuðu þessari vinnu og telja að komast megi að samkomulagi um eina skiptareglu fyrir það fjármagn sem ríkið mun leggja til sóknaráætlunarsamninga.

Torfi vinnur áfram að tillögunni fram að næsta fundi stýrihópsins.

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál

4. Önnur mál

a) *Næsti fundur*

Næsti fundur stýrihópsins var ekki ákveðinn, en áætlað að hann verði í kringum 20. nóvember.

Ákveðið að boða til samráðsfundar stýrihópsins og landshlutasamtaka um mánaðarmótin nóvember/ desember. Hólmfríði falið að finna hentugan tíma og boða til fundarins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.00.